



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Skrifstofu stefnumörkunar og alþjóðamála
hvin@hvin.is
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 29. maí 2024

Efni: Reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum

I. Inngangur

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að nýjum reglum um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum, mál nr. S-104/2024 (hér eftir „reglurnar“) sem birtust í samráðsgátt þann 15. maí sl. Markmið eftirlits með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum er að bæta markvisst kennslu og rannsóknir, stuðla að aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi og tryggja að skilyrði fyrir viðurkenningu ráðherra á fræðasviðum háskóla séu uppfyllt, samkvæmt reglum um viðurkenningu háskóla á grundvelli 3. gr. laga nr. 63/2006, nr. 1067/2006. Einnig að tryggja að viðmið um æðri menntun og prófgráður séu uppfyllt, að gæðastarf í háskólum sé í samræmi við útgefna handbók Gæðamats háskóla og að tryggja samkeppnishæfni háskóla á alþjóðavettvangi.

SI telja framkomin áform almennt jákvæð en telja rétt að koma á framfæri að mikilvægt er í nútímasamfélagi að draga fram starfsnám, nýsköpun og tengsl við atvinnulíf í gæðastöðlum um háskóla.

II. Athugasemdir samtakanna varðandi reglurnar

Samkvæmt áformunum er stefnt að með eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum fari sjálfstætt ráð, Gæðamat háskóla, sem ráðherra skipar. Óska Samtök iðnaðarins eftir því að fá að skipa einn fulltrúa frá atvinnulífinu í gæðaráð háskóla.

SI styðja að öðru leyti boðaðar reglur og gera því ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri, með fyrirvara um frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka iðnaðarins

Húlda Birna Kjærnested Baldursdóttir
verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum